

# Litli - Hver

## Sólmyrkvi 20. mars 2015



Þessi skemmtilega mynd af páskasólinni var tekin í Skipholtinu fyrir utan Klúbbinn Geysi. Þar sem nú fara páskar í hönd er rétt að óska félögum, starfsmönnum, velunnurum og vinum gleðilegra páska. Við minnum á að páskaveislan verður haldin laugardaginn 4. apríl og hvetjum félaga til þess að skrá sig í tíma og njóta páska samverunnar í góðum og uppbyggjandi félagskap klúbbsins.



**Skipholti 29, 105 Reykjavík Sími: 551-5166, fax: 551-5136**  
**Netfang: [kgeysir@kgeysir.is](mailto:kgeysir@kgeysir.is) Veffang: [www.kgeysir.is](http://www.kgeysir.is)**  
**Facebook: Klúbburinn Geysir**



# Viðtal við Thomas Nikulas Saint-Amant Dreymir um að læra íslensku

**Thomas Nikulas Saint-Amant er bogmaður, fæddur í Tampa Bay í Flórída, en faðir hans var í hernum, þannig að fjölskyldan flutti oft.**

Thomas hefur búið hér á Íslandi í 28 ár og er félagi í Geysi. Arnar Laufeyjarson varð þess heiðurs

aðnjótandi að setjast niður með Thomasi og spyrja hann nokkurra spurninga.

Thomas lýsir dvölinni í Geysi sem ánægjulegri og segir að honum gangi vel að umgangast fólk í hér. Hann er sáttur á Íslandi og fær sjaldan heimþrá, enda fór hann frá Bandaríkjunum vegna þess að honum líkaði ekki allskostar vel að búa þar.

Thomas er hrifinn af mexíkóskum mat, þ.e. burritos, tacos og tamale. Spurður að því hvernig honum þyki íslenskur matur segir Thomas að honum þyki hann ekkert spes, en segist þó geta borðað hann, t.d. svið og slátur. Uppáhaldslitir viðmælanda míns er rauður og meðal helstu áhugamála hans er að gera við sjónvarpstæki. Á þessum 28 árum



**Thomas í Geysi á góðum degi.**

sem Thomas hefur dvalið hér á Íslandi hefur hann unnið við ýmislegt, t.d. byggingarvinnu og í málningarverksmiðju.

Gömul klassísk rokklög eru í uppáhaldi hjá Thomasi en einnig klassísk tónlist, t.d. Beethoven, Mozart og Schumann. Hann er minna fyrir „nýja rokkið“ sem hann segir að sé hreinlega rusl! Thomas dreymir um að læra íslensku og stefnir að því að ná betri tókum á henni í framtíðinni.

**Viðtal Arnar Laufeyjarson**



**Afmælisveisla félaga  
í apríl verður haldin  
þann 30. apríl.**

## Opnunartími Geysis um Páska

Það er kannski að æra óstöðugan að birta hér svo snemma opnunartíma um páska, en þar sem þeir eru **snemma** í ár er rétt að hafa vaðið fyrir neðan sig í tíma.

Lokað verður 2. apríl Skírdag, 3. apríl föstudaginn langa, 5. apríl páskadag, 6. apríl annan í páskum.

**Páskaveislan verður laugardaginn 4. apríl frá 10.00 til 14.00**

## Kynningarstarf í apríl

Í apríl eru fyrirhugaðir tveir fundir, þar sem annars vegar verður kynning á Batastjörnunni og hins vegar kynning á hugmyndafræði Fountain House auk þess sem farið verður yfir sögu klúbbhúsa hreyfingarinnar. Batastjörnufundurinn verður haldinn **Þriðjudaginn 14. apríl kl. 14:30**. Hugmyndafræði Fountain House og saga hreyfingarinnar verður haldinn **Priðjudaginn 28. apríl kl. 14:30**. Nú er um að gera fyrir fróðleikspyrsta félaga að mæta, því um einstakt tækifæri er að ræða. Einnig viljum við hvetja félaga til þess að taka virkan þátt í kynningarfundunum með því að deila reynslu sinni. Eflum lífandi starf með enn meira lífi. Áhugasamir sem vilja taka þátt og koma að undirbúningi hafi samband við Benna.




**Lísu undirbýr námskeiðið ábúðarfull á svipinn**

## Þýskunámskeiðið

Vegna ófyrirsjáanlegra orsaka hefur þýskunámskeið Lisu tafist, en nú er bjartari tíð. Námskeiðið hófst að lokum þann 19. mars og verður vikulega fram til 7. maí. Í sambandi við námskeiðið verður starfræktur vinnuhópur sem mun starfa alla föstudaga frá byrjun námskeiðsins milli kl. 11.00-12.00. Hópurinn þjónar því hlutverki að vinna úr markmiðum námskeiðsins. Einnig að útfæra vinnuefni og safna hugmyndum til að námið verði spennandi. Þeir sem hafa áhuga skrifi nafn sitt vinsamlegast á lista í móttökunni. Ef þið hafið einhverjar spurningar, spyrjið Lisu.





Mán.	Pri.	Mið.	Fim.	Fös.	Lau.
		1. Buff m/spældu eggi rauðkáli og grænum.	2. <b>Lokað</b> <b>Skírdagur</b>	3 <b>Lokað</b> <b>Föstudagurinn</b> <b>mjög svo langi</b>	4 Páskaveisla kl. 10.00 til 14.00
6.	7	8. Lambapottréttur	9. Hlaðborð	10. Árshátíð Cannelloni	11..
13.	14. Fiskréttur að hætti Grace	15. Saltað eða reykt folaldakjöt	16. Hlaðborð	17. Lasagna	18.
20.	21. Rónasteik	22. Skólastjórasúpa	23. Hlaðborð	24. Hangikjöt	25.
27.	28. Fiskréttur	29. Chiliréttur að hætti Benna	30. Hlaðboerð		

## ATOM: Fréttir atvinnu-og menntadeildar

### Tölvuverið

Þeir félagar sem vilja aðstoð og fræðslu um heimasíðu klúbbsins geta mætt í tölvuverið nú í apríl. Tölvuverið er haldið á þriðjudögum kl. 11:15 til 12:15. Leiðbeinandi Kristinn Heiðar Fjölisson



### Dóra Kristín Emilsdóttir

Dóra Kristín Emilsdóttir hefur verið ráðin í RTR starfið í Þjónustumiðstöð aldraðra á Vitatorgi Hún hóf störf þann 9. mars síðastliðinn. Í starfinu felst aðstoð í matsal og létt þríf í starfsmannaaðstöðu. Unnið er aðra hvora viku frá 10.00 -14.00. Starfshlutfall er 25%. Við óskum Dóru Kristínu til hamingju með starfið og velfarnaðar á nýjum vinnustað.

### Sigurjón J. Egilsson ráðinn í RTR á BSÍ



Sigurjón J. Egilsson hóf störf hjá Kynnisferðum BSÍ 9. mars síðastliðinn. Starfið felst í að halda umhverfi BSÍ hreinu og snyrtilegu, losa ruslastampa og léttum þrifum á lagersvæði. Vinnutími er frá 10:00 til 14:00 aðra hverja viku. Við óskum Sigurjóni til hamingju og velfarnaðar í starfinu.

### Vorferð til Eyja

Vorferðin verður farin til Vestmannaeyja. Lagt verður af stað sunnudaginn 17. maí og komið aftur til Reykjavíkur 20. maí .

Enn er pláss og þeir félagar sem ætla að bregða sér til Eyja eru hvattir til að skrá en gistingu verður að vera búið að greiða fyrir 17. apríl. Heildarverð um 20.000. Minnum einnig á fjáröflunarátak vegna ferðarinnar, sem felst í sölu á klósettpappír, eldhúsrúllur og lakkrís.

### Skápaleiga í Geysi

Fyrirhugaðar eru breytingar á skápaleigu í Geysi. Fallið verður frá því að rukka 100 krónur fyrir leiguna en í stað þess er greitt tryggingagjald sem verður endurgreitt þegar lykli er skilað á réttum tíma. Hægt er að fá lykla í sjöppunni eins og verið hefur. Tryggingagjaldið er 100 krónur fyrir dagleigu, 500 krónur fyrir vikuleigu og 2000 krónur fyrir mánaðarleigu. 100 krónur dragast frá tryggingargjaldinu fyrir hvern dag sem fer fram yfir fyrirfram ákveðinn skiladag á lykli.

# Viðtal við Halldóru Jónasdóttur Það breytti öllu að kynnast Geysi



**Dóra í góðra vina hópi.**

Halldóra Jónasdóttir hefur verið félagi í klúbbnum Geysi í fimm og hálf ár, en þar líður henni vel. Hún segir dvölinna hafa hjálpað sér mikið, í Geysi sé gott andrúmsloft og alveg yndislegt að koma þangað. Arnar Laufeyjarsen settist niður með Halldóru í betri stofunni í Geysi og lagði fyrir hana nokkrar spurningar. Halldóra er hrútur, uppáhaldsmatur hennar er lambahryggur og uppáhaldslitir hennar er fjöluþlár. Helstu áhugamál Halldóru eru einkum börnin hennar, barnabörnin og langömmubörnin,

en áður fyrr dansaði hún mikið, eða nánast alla dansa nema zúmba. Hún hlustar á allskonar tónlist, en fyrst skal fræga telja: Elton John, Bee Gees og Bítlana.

Í Geysi kemur Halldóra fótgangandi, en það tekur hana u.þ.b. fimmtán mínútur. Stundum þegar vont er veður tekur hún bíl, en hún er víst of tekjuhá til þess að eiga rétt á ferðapjónustu fatlaðra (sem kostar svipað og strætómiði) og þyrfti að greiða 1170 krónur fyrir ferðina með þeim. Fyrir tveimur árum fór hún því frekar að taka leigubíl þegar þannig stendur á, en það kostar hana 850 krónur. Þetta þykir okkur ansi skrytinn stærðfræði.

Halldóra segist hafa eignast marga góða féлага í Geysi og bætir við að þar finnst henni hún vera eins og heima hjá sér. Hún vinnur mikið í eldhúsinu og í móttökunni, auk þess sem hún tekur þátt í að hringja í aðra féлага til að hvetja þá til þess að mæta. Hún segir að fólk taki upphringingunni undantekningalítið vel og það sé jákvætt og ánægt með að munað sé eftir því, enda hópurinn samstilltur í Geysi.

Aðspurð um fjölskylduhagi segist Halldóra búa ein, en sér finnst ekki gott að vera mikið ein heima, því þar hafi hún lítið fyrir stafni annað en að




**Krúttleg mynd af Dóru og Caroline, sem var sjálfbóaliði í Geysi fyrir ári síðan.**

liggja í rúminu og horfa á sjónvarpið. „Mér fannst erfitt þegar allir fluttu að heiman með stuttu millibili, en við vorum sjö í heimili þegar mest var. Það breytti öllu að kynnast klúbbnum Geysi. Eftir að ég fór að venja komur mínar þangað er ég alltaf í góðu skapi og innlögnum hefur fækkað mjög,“ segir Halldóra létt í bragði. „Meiri gleði og betri líðan!“ eru síðan lokaorð viðmælanda míns að þessu sinni.

**Arnar Laufeyjarsen**

# Árshátíð 10. apríl 2015

Árshátíð Klúbbsins Geysis verður á Sólon Bistró laugardaginn 10. apríl nk. Í boði verður þriggja rétta matseðill og fjölbreytt skemmtiatriði. Hægt verður að velja um kjötrétt 5.900 kr. fiskrétt 4.900 kr. grænmetisréttur 2.500 kr.



## Mögnuð dagskrá

**Einar Örn  
Konráðsson  
trúbador**

Fjölbreytt  
skemmtun  
félaga og  
starfsfólks.

**Húsið  
opnað  
kl.  
19:00**

**Borðhald  
hefst klukkan  
20:00**

**Munið að greiða  
miðaverð í síðasta  
lagi 1. apríl !**



## Páskaungaleikurinn öðru sinni

Nú er páskaunga-  
leiknum hleypt af stað öðru



sinni. Leikurinn felst í því að finna og telja saman litla páskaunga sem komið hefur verið fyrir á ýmsum stöðum í blaðinu. Vegleg verðlaun verða veitt þeim sem skilar réttri lausn. Lausnum skal skila í lokuðu umslagi ásamt nafni og ungfjölda í kassa í sjoppunni. Úrslitin verða kynnt í páskaveislu Geysis laugardaginn 4. apríl.

## Tákn mánaðarins



Að hafa nógan tíma

Frekari upplýsingar: <http://is.signwiki.org>

## Félagslegt í apríl

### Laugardagur 4. apríl

Páskaveisla frá kl. 10.00 til 14:00

### Fimmtudagur 9. apríl

Sundferð og allir í rennibrautina. Lagt af stað frá Geysi kl. 16.00

### Föstudagur 17. apríl

Leikfélag Kópavogs: Óparfa offarsi. Kl. 20.00. Verð 1.300 kr. Síðasti skráningardagur 1. apríl.

### Fimmtudagur 23. apríl

Sumardagurinn fyrsti. Hvetjum félaga til að taka þátt í hátíðardagskrá dagsins.

### Fimmtudagur 30. apríl

Opið hús í Geysi frá kl. 16:00 19:00



## Deildarfundir

Fundir í deildum eru haldnir á hverjum degi kl. **09:15** og **13:15**. Þar er farið yfir verkefni sem liggja fyrir hverju sinni.

Æskilegt er að félagar mæti á deildarfundina. Tökum ábyrgð og ræktum vináttuböndin.

### Húsfundur!

Húsfundir eru miðvikudaga kl. 14:30. Þar er rétti staðurinn fyrir félaga til að koma skoðunum sínum á framfæri og taka þátt í opnum umræðum.

**Allir að mæta!**

**Klúbburinn Geysir er opinn alla virka daga frá kl. 08:30 - 16:00, nema föstudaga er opið frá 08:30 - 15:00.**